

Fimmtudaginn 31. ágúst 1989.

Nr. 360/1988. **Kornelius Jónsson**  
 gegn

**Benedikt E. Guðbjartssyni,  
 Páli Jóhanni Þorleifssyni hf.,  
 Búnaðarbanka Íslands,  
 borgarstjóranum í Reykjavík  
 f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur  
 og Sigurjóni Ragnarssyni.**

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1988. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp 3. nóvember 1988. Málið var þingfest 2. desember 1988, og fékk áfrýjandi þá frest til aprílmánaðar 1989. Hefur hann síðan fengið frest tvisvar, til maímánaðar og svo til júnímánaðar 1989. Er málið var tekið fyrir 2. júní sl., óskaði áfrýjandi enn eftir, að málinu yrði frestað til októbermánaðar 1989. Var því andmælt af hálfu stefndu Benedikts E. Guðbjartssonar, Páls Jóhanns Þorleifssonar hf. og Búnaðarbanka Íslands. Hafa þeir krafist, að þeim verði dæmdur málskostnaður eða ómaksbætur.

Frá áfrýjanda hefur ekki borist greinargerð. Hafa ekki komið fram rök hans fyrir frekari frestun málsins. Ber því að synja frestbeidni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu Benedikt E. Guðbjartssyni, Páli Jóhanni Þorleifssyni hf. og Búnaðarbanka Íslands málskostnað svo sem í dómsorði segir.

### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Kornelius Jónsson, greiði stefndu Benedikt E. Guðbjartssyni, Páli Jóhanni Þorleifssyni hf. og Búnaðarbanka Íslands 8.000,00 krónur í málskostnað hverjum að viðlagðri aðför að lögum.

---